

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni,
nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými).

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Áslaugu Einarsdóttur og Maríu Sæmundsdóttur frá heilbrigðisráðuneytinu, Önnu Kristinsdóttur, Valgerði Jónsdóttur, Kristjönu Gunnarsdóttur og Helgu Jónu Benediktsdóttur frá Reykjavíkurborg, Guðrúnu Sigurðardóttur og Önnu Marit Nielsdóttur frá Akureyrarbæ, Ásu A. Kristjánsdóttur frá Kópavogsbæ, Marín Þórisdóttur og Svölu Jóhannesdóttur frá Rauða krossinum (Frú Ragnheiði) og Árna Einars-son frá Fræðslu og forvörnum.

Umsagnir bárust frá Afstöðu, félagi fanga á Íslandi, Akureyrarkaupstað, Bindindissamtök- unum IOGT, Fræðslu og forvörnum, Kópavogsbæ, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Mann- réttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæ, Pawel Bartoszek, Rauða krossinum á Íslandi, Reykjavíkurborg, Rótinni – félagi um málefni kvenna og Snarrótinni, samtökum um borgaraleg réttindi.

Efni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að embætti landlæknis geti veitt sveitarfélögum heimild til að stofna og reka neyslurými þar sem varsla og meðferð ávana- og fíkniefna í æð er heimil undir eftirliti starfsfólks að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, m.a. varðandi hollustuhætti, öryggi og eftirlit. Frumvarpið er hluti af stefnumótun til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild, sbr. ályktun Alþingis nr. 44/143, frá 16. maí 2014.

Markmiðið með úrræðinu.

Á fundum sínum fjallaði nefndin sérstaklega um markmiðið með frumvarpinu, ábyrgð á þjónustunni, fjármögnun verkefnisins, réttarstöðu notenda og starfsmanna innan neyslurýma og útvistun á rekstri neyslurýma til félagasamtaka.

Markmiðið með frumvarpinu er að heimila stofnun og rekstur neyslurýma en þau teljast til skaðaminnkandi aðgerða sem ætlað er að koma í veg fyrir frekari óafturkræfan skaða, auka lífsgæði og bæta heilsufar einstaklinga sem neyta ávana- og fíkniefna í æð. Fyrir nefnd- inni kom fram almennur stuðningur við markmið frumvarpsins og bent á að neyslurými séu mikilvæg til að koma til móts við jaðarsetta einstaklinga sem falla utan annarra úrræða. Einnig var bent á mikilvægi þess að leita allra leiða til þess að draga úr þörf fyrir slíka þjón-ustu. Í umsögnum um málið komu fram ábendingar um nauðsyn þess að tengja þjónustu neyslurýma við aðra þjónustu, svo sem aðgang að geðheilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, lögfræðiþjónustu og annarri slíkri þjónustu sem stuðlar að félagslegum stuðningi og mark- vissri hvatningu fyrir notendur til að leita sér lækningar. Meiri hlutinn tekur undir mikilvægi

Þess að draga úr þörf fyrir þjónustuna með því að samþætta hana annarri þjónustu eins og hægt er svo að markmiðum frumvarpsins um að aðstoða og vernda neytendur efnanna, auka lífsgæði þeirra og koma í veg fyrir óafturkræfan skaða til hagsbóta fyrir þá, aðstandendur þeirra og samfélagið í heild, verði náð. Meiri hlutinn tekur undir ábendingar sem fram komu um að orðanotkun í frumvarpinu um að neyslurými sé ætlað langt leiddum einstaklingum sé nokkuð gildishlaðið og jafnvel ekki rétt að skilyrða úrræðið við það heldur einstaklinga sem eru 18 ára og eldri og leggur til breytingu á frumvarpinu því til samræmis.

Ábyrgð á þjónustunni.

Nefndin fjallaði sérstaklega um hvernig verkefnið félli að hlutverki sveitarfélaga. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að verkefnið ætti fremur að vera á ábyrgð heilbrigðis- yfirvalda en framkvæmd þess hjá sveitarfélögunum. Þá komu fram áhyggjur af kostnaði við að setja á fót og reka neyslurými og bent á mikilvægi þess að ekki verði einungis gert ráð fyrir stofnkostnaði frá ríkinu heldur árlegu fjárframlagi á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélögin. Fyrir nefndinni kom fram að gert hefði verið ráð fyrir 50 millj. kr. framlagi frá heilbrigðisráðuneytinu til að koma úrræðinu á fót. Meiri hlutinn tekur fram að hér er um valkvætt úrræði fyrir sveitarfélögin að ræða sem heilbrigðisráðuneytið hefur þegar ákveðið að leggja fjárframlag til og telur að með því sé í reynd fallist á að verkefnið falli a.m.k. að hluta til undir heilbrigðisþjónustu. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að gerður verði samningur milli viðkomandi sveitarfélags og ráðuneytisins um kostnaðarskiptingu vegna úrræðisins og þeirrar þjónustu sem boðið verði upp á í tengslum við úrræðið.

Við umfjöllun nefndarinnar komu fram ábendingar umsagnaraðila um að þeir sem hefðu þörf fyrir að nýta sér úrræðið þyrftu að vera með skráð lögheimili í sveitarfélagi þar sem neyslurýmið er. Fram kom að þörfin fyrir þjónustuna sé mest í Reykjavík en einnig bent á mikilvægi þess að litið verði á úrræðið sem skaðaminnkandi úrræði fyrir alla sem neyta fíkniefna í æð. Fram kom að sveitarfélög gætu t.d. gert samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við þá notendur úrræðisins sem eiga lögheimili í nágrennasveitarfélögum hennar auk þess sem samningur ríkis og sveitarfélags varðandi kostnaðarþátttöku ríkisins gæti einnig innihaldið skuldbindingu sveitarfélags til þjónustu við íbúa annarra sveitarfélaga.

Þá komu fram ábendingar um að tryggja yrði aðgengi fatlaðs fólks og fólks óháð kyni þar sem nýting kvenna á úrræðinu erlendis hefur verið mun minni en karla. Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að sveitarfélögin hafi með sér samráð og samstarf svo tryggt verði að markmið frumvarpsins um að koma til móts við þá sem þurfa á úrræðinu að halda náist og telur mikilvægt að hugað verði að því við framkvæmdina að úrræðið nýtist sem best óháð kyni eða fötlun.

Réttarstaða innan neyslurýma.

Nefndin fjallaði á fundum sínum um réttarstöðu innan neyslurýma. Með frumvarpinu er lagt til að notanda neyslurýmis verði heimilt að hafa í vörslu sinni það magn ávana- og fíkniefna sem hann ætlar að neyta í neyslurýminu. Nefndin fjallaði nokkuð um stöðu starfsmanna í neyslurýmumunum, þ.e. hvort líta megi á neyslurými sem refsilaust svæði. Meiri hlutinn tekur í því sambandi fram að með þeirri tilhögun að heimila notanda neyslurýmis vörslu og neyslu ávana- og fíkniefna, þ.e. lögfasta undanþágu frá gildissviði laganna, sé verið að tryggja að ekki verði heimilt að refsa þeim fyrir vörslu og meðferð efnanna. Þar með virkjast ekki skylda starfsfólks til að tilkynna um brot á lögnum þar sem ekki er um brot að ræða á slíku svæði.

Nokkuð var rætt um öryggi starfsfólks en í frumvarpinu er lagt til að einungis verði unnt

að veita sveitarfélagi leyfi til að stofna og reka neyslurými ef skilyrði reglugerðar eru uppfyllt. Þannig þarf m.a. að kveða á í reglugerð um þjónustu sem veita skal, verkefni, öryggi og hæfni starfsfólks og eftirlit með starfseminni. Meiri hlutinn bendir í því sambandi á mikilvægi þess að þar verði kveðið skýrt á um starfsskyldur, öryggi og réttindi starfsfólks neyslurýma.

Þá tekur meiri hlutinn undir sjónarmið um að nauðsynlegt sé að samkomulag sé á milli sveitarfélaga og eftir atvikum rekstraraðila neyslurýma og lögregluyfirvalda til að skapa sátt um framkvæmdina, m.a. varðandi svæði í næsta nágrenni neyslurýmis, þannig að tryggt verði að markmiðið með úrræðinu nýtist notendum þess.

Útvistun til félagasamtaka.

Í umfjöllun um 1. gr. í greinargerð kemur fram að þótt leyfishafinn sé sveitarfélag geti það falið frjálsum félagasamtökum að reka neyslurými, svo lengi sem þau uppfylla skilyrði reglugerðarinnar skv. 3. mgr. ákvæðisins og hafa næga þekkingu og umsvif. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að starfsemin gæti verið á höndum félagasamtaka í formi þjónustusamninga við sveitarfélög. Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög gætu gert slíkan samning við aðila sem þegar hafa reynslu og þekkingu á þessu sviði, svo sem Rauða krossinn. Fyrir nefndinni kom einnig fram að nauðsynlegt væri að slík heimild sveitarfélaga þyrfti að koma skýrt fram í ákvæðinu. Meiri hlutinn tekur undir það og leggur til að við 1. gr. bætist ný málsgrein um að sveitarfélagi verði heimilt að fengnu samþykki landlæknis að semja við félagasamtök um rekstur neyslurýmis að uppfylltum skilyrðum 4. mgr. Jafnframt beinir meiri hlutinn því til ráðuneytisins að fyrirmynd að slíkum samningi verði birt sem fylgiskjal við reglugerðina til að auka skýrleika og gagnsæi.

Heilbrigðisþjónusta.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að með úrræðinu sé verið að stíga mikilvægt skref í átt að útvíkkun heilbrigðisþjónustu með því að koma til móts við hóp sem er jaðarsettur í samfélaginu og að í því felist mikilvæg tækifæri til að samþætta annars konar þjónustu sem miðar að því að skjólstæðingar náí bata. Meiri hlutinn telur því nauðsynlegt að unnið verði að því að koma úrræðinu á fót með víðtæku samráði og samvinnu við þá sem að úrræðinu þurfa að koma.

Meiri hlutinn leggur til smávægilegar lagfæringar á frumvarpinu.

Með hliðsjón af framangreindu leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr.

- a. Í stað orðanna „langt leiddir einstaklingar“ í 3. mgr. komi: neytendur.
- b. Í stað orðanna „neytt ávana- og fíkniefna“ í 3. mgr. komi: sprautað ávana- og fíkniefnum.
- c. Í stað orðsins „laganna“ í 5. mgr. komi: laga þessara.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélagi er heimilt að fengnu samþykki landlæknis að semja við félagasamtök um rekstur neyslurýmis að uppfylltum skilyrðum 4. mgr.

Halldóra Mogensen ritar undir nefndarálit þetta með fyrirvara.
Hanna Katrín Friðriksson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 9. maí 2020.

Helga Vala Helgadóttir,
form.

Ólafur Þór Gunnarsson,
frsm..

Anna Kolbrún Árnadóttir.

Guðmundur Ingi Kristinsson. Halla Signý Kristjánsdóttir.

Halldóra Mogensen,
með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Njáll Trausti Friðbertsson.